

Alþingi
Erindi nr. P 128/556
komudagur 6.12.2002



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v/Austurvöll
REYKJAVÍK

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is · www.utn.stjr.is

Reykjavík 5. desember 2002

Tilvísun: UTN02110073/76.B.001.a; 76.A.005.b

JBB/--

Utanríkisráðuneytið fer þess hér með vinsamlega á leit við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að nefndin taki til skoðunar eftirfarandi breytingartillögu við lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Breytingin varðar gjaldtöku fyrir aðgangshemildir að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar, sbr. núgildandi 4. tl. 14. gr. laganna. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að aðgangshemild að varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar kosti 2.000 fyrir fastráðna starfsmenn en 1.000 fyrir tímabundið skírteini, en farið er fram á lögum verði breytt á þann veg að gjaldtaka fyrir aðgangshemildir verði annars vegar 3.500 kr. og 2.000 kr. með gildistöku 1. janúar 2003.

Farið er fram á ofangreinda breytingu þar sem fyrirhugað er að breyta fyrirkomulagi aðgangsskírteina að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli í kjölfar setningu reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002. Breytingartillagan sem ráðuneytið biður nefndina að taka til skoðunar og gera tillögu um er eftirfarandi:

4. tl. 14. gr. orðist svo:

"4. Aðgangshemildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:

a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002, 3.500 kr.

b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002, 2.000 kr.

Rökstuðningur:

Vegna gildistöku reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002, sem öðlaðist gildi hinn 5. apríl 2002, mun útgáfa aðgangsskírteina að öryggissvæðum Keflavíkurflugvallar breytast nokkuð frá því sem verið hefur. Ætlunin er að sameina aðgangsskírteini og spjaldlykilkort vegna svæða 1 og 3, sbr. skilgreiningu í 6. gr. reglugerðarinnar, en með því er verið að bæta öryggi en um leið að greiða fyrir aðgangi ákveðinna starfsmanna að sumum svæðum. Þetta hefur í för með sér talsverðan aukakostnað þar sem kaupa þarf sérstakan búnað til að hægt verði að sameina þessa þætti í eitt kort. Hins vegar er ekki ætlunin að gera það varðandi aðgang að svæði 2, sbr. skilgreiningu í reglugerðinni, þar sem aðgangsskírteinin að varnarstöðinni verða eingöngu aðgangsskírteini og búnaður vegna þeirra verður kostaður af flotastöðinni. Samkvæmt tilboðum í nauðsynlegan búnað og upplýsingum sýslumanns þarf skírteini að flugstöðvarsvæði að vera verðlagt á kr. 3.500,-, en skírteini að varnarsvæði að vera verðlagt á kr. 2.000,- Ætlunin er að skírteinin gildi í annars vegar 6 mánuði og hins vegar 2 ár, en þar sem sami kostnaðurinn verður til við útgáfu skírteinanna, er gert ráð fyrir sama gjaldi fyrir útgáfu þeirra óháð gildistíma.

Hjálagt fylgir tillaga að breytingartillögu og rökstuðningur, og enn fremur reglugerð um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum. Beðist er velvirðingar á því með hve stuttum fyrirvara erindi þetta berst nefndinni.

F.h.r.

Ólafur Þorvaldur Þorvaldursson